

Formannafundur ÍF 12. nóvember 2011 Laugardal, Reykjavík

Mæting stjórnar ÍF: Sveinn Áki Lúðvíksson (SÁL) formaður, Þórður Árni Hjaltested ÞÁH) varaformaður, Ólafur Þór Jónsson (ÓPJ) meðstjórnandi, Jóhann Arnarson (JA) gjaldkeri, Gunnar Einar Steingrímsson (GES) varastjórn, Margrét Kristjánsdóttir (MK) varastjórn og Guðlaugur Ágústsson (GÁ) varastjórn.

Mæting aðildarfélaga: Petrína Sigurðardóttir (PS) Nes, Ágúst Þór (ÁÞ) Gnýr, Halldór Hartmannsson (HH) Gnýr, Valgeir Fridolf Backman (VFB) Gnýr, Bragi Sigurðsson (BS) Bocciadeild Völsungs, Haukur Þorsteinsson (HP) Eik, Jósep Sigurjónsson (JS) Akur, Ólafur Ólafsson (ÓÓ) Ösp, Karl Þorsteinsson (KÞ) Ösp, Garðar Steingrímsson (GS) ÍFR, Arnþór Jónsson (AJ) Ívar, Kristín Ósk Óskarsdóttir (KÓÓ) Ægir, Þorína Baldursdóttir (ÞB) Ægir, Þórhildur Ragna Karlsdóttir (ÞRK) Ægir, Guðrún Árnadóttir (GÁ) Snerpa, Þorbjörg Vilhjálmsdóttir (ÞV) Suðri, Þór Jónsson (ÞJ) Fjörður og Börkur Þór Ottósson (BÞO) Óðni.

Auk þess sátu fundinn starfseminn ÍF þau Anna K. Vilhjálmsdóttir (AKV), Jón Björn Ólafsson (JBÓ) og Ólafur Magnússon (ÓM).

1. **Setning:** SÁL formaður ÍF setti fundinn. Flutti hann bestu kveðjur forseta ÍSÍ til fundarmanna. Einnig minntist hann látinna félagar þeirra Júlíusar Arnarssonar og Arnórs Péturssonar og fundargestir risu úr sætum og minntust þeirra með stuttri þögn. SÁL minntist í ræðu sinni á þungan rekstur sambandsins. Í lok ræður sinnar stakk hann upp á að fundinn rituðu þeir JA og JBÓ. Fundurinn samþykkti þá félagar samhljóða.
2. **Skýrsla stjórnar:** ÓM rakti það helsta úr skýrslu stjórnar en fundarmenn höfðu fengið hana senda fyrir fundinn sér til glöggvunar. **Sjá fylgiskjal #1.** Bauð hann fundarmönnum að koma með athugasemdir við skýrsluna. ÓÓ benti á að athugasemd sem hann hafði gert við skýrsluna fyrir fundinn hafði ekki skilað sér í hana. Því var svarað þannig til að úr yrði bætt áður en fundargerðin yrði send aðildarfélögum ÍF. ÞV, Suðra, vildi benda fundarmönnum á lið á bls. 4 í skýrslu stjórnar (næst neðstu greinaskil) að aðili í Fjölbrotaskóla Suðurlands fengi einingu fyrir að fylgja fötluðum aðila á íþróttæfingu.
Fundarmenn risu svo úr sætum og kynntu sig.
3. **Skýrslur aðildarfélaga ÍF.** Hjalagðar með fundargerð.
4. **Fjármál**
 - a. **Rekstur ÍF.**
ÓM fór yfir helstu kennitölur úr rekstri sambandsins sem af er ári 2011 þar sem fram kom að gera má ráð fyrir halla á rekstri sambandsins líkt og á árinu 2010. Upplýst var að ríkisvaldið hefur skorið umtalsvert framlag sitt til sambandsins eða um 16% frá árinu 2008. Þá eru árin fyrir Ólympíumót þau kostnaðarsömustu í rekstri sambandsins með þátttöku okkar fatlaða afreksfólks í fjölmörgum mótum erlendis til undirbúnings og að ná tilskyldum lágmarkum fyrir Ólympíumótið 2012. Aðrir kostnaðarsamir viðburðir á árinu hafa verið þátttaka í Sumarleikum Special Olympics, stærsta íþróttaviðburði heims í ár auk þess sem

aðalfundir hinna ýmsu alþjóðasamtaka um íþróttir fatlaðra fara fram.

Fram kom að ÍF hefur safnað í sjóð fjármunum, sem verið hefur styrkur sambandsins, auk þess að halda í alla helstu samstarfsaðila þó því miður hafi krónutala hvers samnings ekki hækkað.

Ljóst er að viðvarandi rekstarhalli er óásættanlegur og með þeim aðgerðum sem sambandið stendur að nú er ÓM bjartsýnn á að viðsnúningur verði í rekstri strax á næsta ári.

SÁL upplýsti fundarmenn um mál sem til umræðu hefðu verið á Formannafundi ÍSÍ 11. nóvember sl. Þar kom m.a. fram að önnur sérsambönd innan ÍSÍ eru rekin með tapi. Uppi eru áform allra sérsambanda að sækja til ríkisvaldsins um aukið fé.

BS, bocciadeild Völsungs, spurði um útgreiðslu lottópeninga til handa aðildarfélögum ÍF. ÓM upplýsti að þeir peningar hefðu verið notaðir í jöfnunargjald á Sambandsþingi ÍF á Selfossi síðast liðið vor. SÁL fór yfir skiptinguna frá Lottó/Íslenskri Getspár til sérsambanda innan ÍSÍ. Í máli hans kom fram að íþróttahreyfingin fái 40% af gróða íslenskra Getspár sem skiptist á milli yfir 50 þúsund kennitala sem skráðar eru í íþróttahreyfinguna – augljóst er að ekki er um háar fjárhæðir að ræða. Í kjölfarið urðu umræður um Lottó, skiptingu tekna og fjárstyrk ríkisins. Voru fundarmenn á einu máli að íþróttahreyfingin þurfi að snúa bökum saman og herja á ríkið um aukna styrki.

GS, ÍFR, spurði hvort ekki væri tímabært að álykta um málið og senda til yfirvalda. ÞÁH varð til svara og greindi frá að slíkt hefði verið gert á síðasta sambandsþingi ÍF og síðar á Íþróttþingi ÍSÍ þar sem ályktun sambandsþings ÍF hefði verið umorðuð og síðar samþykkt.

ÓM fór yfir helstu fjáröflunarleiðir. Þær eru helstar:

Útgáfustarfsemi s.s. Hvati, dreifibréf (valkröfur), sem send eru til valinna fyrirtækja og síðast en ekki síst styrkir frá Lions- og Kiwanishreyfingunni

- b. ÓM tilkynnti þá ákvörðun stjórnar ÍF að keppendur skyldu taka þátt í kostnaði í verkefnum erlendis á vegum ÍF á öðrum mótum en Ólympíumótum, HM og EM. Mun kostnaður þessi nema 40% af heildarkostnaði vegna þátttöku einstaklingsins í mótinu.
- c. Í ljósi hagstæðs rekstarumhverfis var skráninga-/ þátttökugjald á mót sem haldin eru á vegum ÍF afnumin árið 2003.

Framkvæmdaaðilum móta var þó heimilt að nýta sér þessa tekjulind. Upplýst var að m.t.t. aðstæðna nú yrði framvegis krafist skráningagjalda á mót á vegum ÍF og mun upphæðin nema kr.

1.000.- fyrir hverja þá grein sem einstaklingur tekur þátt í.

Skráningargjald er greitt fyrir alla sem skráðir eru við lok skráningarfrests óháð því hversu margir mæta til leiks er mótið fer fram. Ekki skulu innheimt stungugjöld í tengslum við sundmót.

5. Lög og reglur ÍF

- a. Vegna Sambandsþings – störf kjörnefndar. ÞÁH fór yfir regluna sem fjallar um störf nefndarinnar.

b. **Úr 5. grein laga ÍF:**

Stjórn ÍF skipar kjörnefnd eigi síðar en viku fyrir Sambandsþing ÍF og skal nefndin hefja störf þá þegar.

Úr lögum ÍSÍ:

Á íþróttþingi skal kjósa 5 manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir íþróttþing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt sambandsaðilum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Til að tilkynning um að framboð teljist löglegt skal eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband eða íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við það. Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

ÞÁH upplýsti að stjórn ÍF geti gert reglugerðarbreytingar á milli sambandsþinga. Því væri spurning hvort semja ætti reglugerð um störf kjörnefndar til að tryggja réttláta verkferla. Hann kynnti fyrir fundinum sambærilegar reglur frá Kennarasambandi Íslands (KÍ) og varpaði því til fundarmanna hvort þetta væri ekki eitthvað sem við gætum byggt á. Umræður skópust um málið og allir fundarmenn sem tóku til máls studdu það að reglur verði gerðar skýrari og verkferlar búnir til. ÞÁH lagði til við fundinn að málinu verði vísað til stjórnar ÍF. **Samþykkt.**

- c. Vegna keppenda, þjálfara, fararstjóra og aðstoðarfólks. Steinunn Einarsdóttir móðir afreksíþróttamanns, gestur fundarins flutti erindi en með henni voru Matthildur Kristjánsdóttir og Margrét Sigurðardóttir. Í máli hennar kom fram að fatlaðir keppendur sjálfir ættu að ráða hverjir sinna þeirra nærþjónustu (NPA) í mótum erlendis. Lagði hún til að fatlaðir einstaklingar yrðu spurðir og hlustað yri á rödd þeirra. Fundurinn þakkaði þeim innleggið.

Hádegishlé

Áframhaldandi umræða um þennan lið. ÞÁH fór yfir stöðuna eins og hún er núna. Í reglum ÍF kemur það skýrt fram að endanlegt val til keppni á vegum sambandsins er í höndum stjórnar. Í dag er algengast að landsliðsþjálfari í viðkomandi grein eru bæði fararstjóri og þjálfari. Aðeins á fjölmennari mót er valinn sérstakur fararstjóri – oftast starfsmenn eða stjórnarmenn ÍF. Ekkert í reglum ÍF tekur á vali aðstoðarmanna einstakra keppenda. Í mörgum mótum, aðallega í þeim stóru; Ólympíu-, Heims- og Evrópumótum er skilgreint hvaða fötlunarflokkar eiga rétt á aðstoðarfólki á mótin (í dag eru það eingöngu keppendur í S1, 2 og 3 sem og S11 (blindir)). ÞÁH lagði til að „aðstoðarmenn“ yrði bætt í

reglugerðina um val á þjálfara og fararstjóra á mót erlendis á vegum ÍF. Einnig benti hann á að foreldrar gætu alltaf valið hvort þeir fara á mót – þá sem áhorfendur en ekki starfsmenn. Í umræðum sem urðu um málið upplýsti ÓÓ hvernig málum er háttað í hans félagi (Ösp) en reglur félagsins eru samhljóma reglum ÍF. GS, formaður ÍFR, las upp bréf eitt sem hafði farið á milli stjórnar ÍF og ÍFR þar sem lækna ráði er falið að hafa ráðgefandi álit á stöðu þeirra einstaklinga sem rétt eiga á aðstoð. Óskaði hann þess að þetta yrði sett í reglugerðina. KÓÓ, formaður Ægis, upplýsti að hjá Ægi séu foreldrar almennt ekki valdir í fararstjórn og aðstoð á mótum félagsins. ÞÁH tók því næst til máls þar sem kom fram að aldrei kæmi til greina að hver og einn keppandi gæti komið með sinn persónulega aðstoðarmann – það yrði alltof dýrt. SÁL fór yfir hugmyndafræði Norræna barna- og unglingamótsins. Fundurinn samþykkti að fela stjórn ÍF að breyta reglugerðinni til samræmis við óskir fundarmanna þ.e. að leitað verði til lækna ráðs ÍF eftir faglegum umsögnum þegar óskað er eftir sértækri aðstoð við einstakling sem valinn hefur verið til keppni á mót erlendis.

Félagaskipti. ÞÁH kynnti fyrir fundarmönnum núverandi reglur og tillögu stjórnar um breytingar (sjá fylgiskjal 2, glæra 8). Umræður urðu um málið þar sem m.a. BS lýsti yfir andstöðu sinni sér í lagi hvað varðar dagsetningar og tímamörk í reglugerðinni. Samþykkti fundurinn nýja reglugerð um félagaskipti:

Ný reglugerð skv. samþykkt formannafundar:

Þeir íþróttamenn sem keppt hafa á mótum ÍF, á Íslandi, skulu tilkynna félagaskipti til skrifstofu ÍF á þar til gerðum eyðublöðum og greiða félagaskiptagjald.

Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður þess félags er íþróttamaðurinn hverfur frá að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að íþróttamaðurinn sé skuldlaus félaginu.

Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir ÍF félaginu sem íþróttamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin. Svari félagið ekki innan 30 daga, teljast félagaskiptin lögleg.

ÍF staðfestir félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma keppandi telst löglegur með nýja félaginu.

Félagaskipti geta farið fram hvenær sem er á keppnistímabilinu.

Aðeins er þó heimilt að skipta um félag einu sinni á ári í hverri íþróttagrein.

Greiðsla til Íþróttasambands fatlaðra fyrir félagaskipti skal vera kr. 5000,-

6. **Verkefnalisti.** ÓM fór yfir helstu verkefni ÍF á árinu 2012. (Sjá fylgiskjal 2, glæra 10)
7. **Ólympíumót – leiðin til London.** ÓM rakti sögu Ólympíumóts fatlaðra frá árdögum til mótsins sem haldið verður í London 2012. (Sjá fylgiskjal 2, glæra 11-20)

8. **Special Olympics.** AKV fór yfir það helsta úr starfi SO. Árið hefur verið viðburðarríkt m.a. Heimsleikar í Aþenu í júní og júlí (sjá nánar fylgiskjal 3) AKV kynnti Handbók um vetraríþróttir sem Guðný Bachmann vann í sínu meistaranámi. Einnig var kynnt dreifibréf „Útivist án landamæra“ en þar var kynntur möguleiki á aðstoð við fatlað fólk sem vill prófa vetraríþróttir.
9. **Æskubúðir Össurar.** JBÓ kynnti fyrir fundarmönnum tildrög búðanna. Í máli hans kom fram að skortur á nýliðun, sérstaklega meðal yngstu keppenda hafi orðið til þess að leitað var til Össurar um stuðning til að hleypa af stokkunum verkefni sem gæti ýtt undir íþróttaiðkun barna og unglinga. ÍF telur sig vera með verðugt verkefni í höndunum. Í sjálfu sér er ekki markmið að ÍF sjái um æfingar sem þessar enda litið á þetta sem upphaf og svo taki aðildarfélög ÍF við keflinu. SÁL tók undir vangaveltur JBÓ og hvatti aðildarfélög til að reyna sitt besta til að auka kynningu íþróttanna meðal fatlaðra barna.
10. **NM í boccia á Íslandi 2012:** ÓM kynnti mótið fyrir fundarmönnum (Sjá fylgiskjal 2 – glæra 23). KP, Boccianefnd ÍF fór yfir hvernig staðið verði að vali á keppendum og annað fyrirkomulag. Í máli hans kom fram að Norðurlöndin nýta ekki öll kvóta sinn á mótið. Mun ÍF fullnýta kvóta þeirra og fjölga í íslenska liðinu. Valið er á mót eftir árangri frá síðustu Íslandsmótum. Á mót þetta þarf fjölmarga dómara og lagt er til að aðildarfélög ÍF tilnefni dómara á mótið. Mikill ávinningur getur verið af þessu starfi og reynsla sem nýtist félögunum heima fyrir. Í umræðum sem um málið spunnust var spurt hvort íslenskir dómara væru gjaldgengir á mótið án þess að taka sérstakt dómarapróf? KP sagði frá því að einhver munur væri á íslensku reglunum og þeim sem keppt verður eftir á NM (Norrænar reglur) en haldin verða námskeið fyrir íslenska dómara. Þá var upplýst að val keppenda yrði kynnt um leið og flokkunarmál eru komin á hreint.

Kaffihlé

11. Önnur mál

- a. Undir liðnum önnur mál kynnti ÓM evrópska sjúkratryggingarkortið og formenn aðildarfélaganna kynntu stafsemi sína.

Fylgiskjöl:

1. Skýrsla ÍF fyrir formannafund – 11. nóvember
2. Formannafundur ÍF – glærur
3. SO kynning og Samn sam þjóðanna
4. Skýrslur aðildarfélaga ÍF